

Leyfisbeiðnir

Í Ölduselsskóla gildir sú regla að ef foreldrar óska eftir leyfi fyrir barn sitt getur umsjónarkennari veitt leyfi í 1-2 daga. Ósk um lengra leyfi þarf að skila skriflega á skrifstofu skólans. Umsókn um leyfi berst til skólastjórnenda sem veita leyfi eða hafna því og er æskilegt að umsókn berist með að minnsta kosti viku fyrirvara. Vakin er athygli á því að foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna á meðan á leyfi stendur.

Í 15 gr. grunnskólalaga segir:

„Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur“.

Í 3 gr. grunnskólalaga stendur að „öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6–16 ára, er skylt að sækja grunnskóla“. Við hvetjum því foreldra að skipuleggja frí með börnum sínum á þeim tímum sem skólafrí eru svo þau missi ekki af því mikilvæga námi sem fram fer í skólanum.

Frímínútur

Í Ölduselsskóla fara allir nemendur á yngsta- og miðstigi út í frímínútur tvisvar á dag.

Einhver dæmi eru um það að foreldrar hafi sent börn sín í skólann eftir veikindi með ósk um að þau fái að vera inni í frímínútum. Það er því miður ekki hægt að leyfa það. Allir starfsmenn sem sinna gæslu eru úti og ekki er hægt að skilja börn eftirlitslaus inni. Vinsamlega haldið börnum ykkar heima ef þau treysta sér ekki til að fara út í frímínútur vegna veikinda.

Við biðjum foreldra einnig um að tryggja að börn sín séu klædd eftir veðri svo þau geti notið sín úti í frímínútum.

Varðandi mötuneyti.

Nemendur sem eru að byrja í Ölduselsskóla og hafa hug á því að fara í mataráskrift þurfa að byrja á því að skrá barnið úr mat í fyrri skóla, til þess að hægt sé að skrá það í áskrift í Ölduselsskóla. Öll skráning fer fram í gegnum Rafræna Reykjavík.

Ef óskað er eftir að hætta með mataráskrift þarf að segja henni upp fyrir 20 hvers mánaðar í Rafrænni Reykjavík og tekur hún þá gildi frá og með næstu mánaðamótum.

Ef um ofnæmi/óþol er að ræða er nauðsynlegt að skila inn vottorði á skrifstofu skólans eins fljótt og auðið er. **Einnig þarf að skila inn nýju vottorði í upphafi hvers skólaárs.**

Mánaðarlegt gjald fyrir hádegismat er samkvæmt ákvörðun borgarráðs hverju sinni og er innheimt 9 sinnum á skólaári frá september til loka maí í jöfnum greiðslum.

Gjaldið er nú 10.500 krónur á mánuði og er það innheimt eftir á.